

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd**

Reykholahrepps mánudaginn 6. september 2010 kl. 10:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mætt voru: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Vilberg Þráinsson, Guðmundur Ólafsson og Bogi Kristinsson.

Sveinn setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Nefndin skipti með sér verkum og er Sveinn Ragnarsson kjörinn formaður og Egill Sigurgeirsson kjörinn varaformaður nefndarinnar.
2. Umsókn dags. 19.08.2010 frá Gyðu Steinssdóttur sem sækir hér með um byggingarleyfi fyrir geymsluskúr á lóð við Sunnuhvol í Flatey samkv. teikningum.
Samþykkt með fyrirvara um að geymsluskúr sé innan lóðarmarka.
3. Umsókn dags. 15.sept.2010 frá Unnari Karli Halldórssyni kt: 121073-5609 sækir hér með um byggingarleyfi fyrir 55m² frístundarhúsi.
Samþykkt með fyrirvara um að þinglýstur lóðarleigusamningur liggi fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út.
4. Umsókn dags; 05.08.2010 frá Vignir Jónssyni kt: 081745-3119.
Ég undirritaður eigandi jarðarinnar Klukkufell landnr: 139616 sækir hér með um leyfi fyrir landskipti og lausn úr landbúnaðarnotkun fyrir lóð úr landi klukkufells samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti sem gerður er dags 05.08.2010 af Ásmundi Sigvaldassyni hjá Strendingi verkfræðipjónunstu.
Umsóknin er samþykkt.
5. Umsókn dags: 29.ágúst 2010 frá Dísu Sverrisdóttur sem sækir hér um byggingarleyfi fyrir breytingum á gluggum á suðurhlíð hússins á Hellisbraut 8b.
Umsóknin er samþykkt.
6. Umsókn dags: 2.sept 2010 frá Ebbu Gunnarsdóttur og Kjartani Daníelssyni. Sækjum hér um byggingarleyfi fyrir utanhúsklæðningu á íbúðarhúsinu á Bakka í Reykhólahreppi. Fyrirhugað er að klæða með liggjandi bárujárni og einangra með 2" steinull.
Umsóknin er samþykkt.

7. Umsókn dags: 06.sept.2010 frá Unnsteini H Ólafssyni
Sæki hér um byggingarleyfi fyrir 7m² geymslu við Grund 2
Umsóknin er samþykkt.

Guðmundur Ólafsson vék af fundi á afgreiðslu 7.liðar .

8. Umsókn dags. 26.ágúst 2010 frá Kolbrúnu Reynisdóttur f.h
Breiðafjarðarnefndar um staðsetningu á skilti í Flatey þar sem
óskað er eftir því að staðsetja skiltið norðan vegar fyrir norðan
frystihúsið austan megin við hólinn. Skiltið væri nokkra metra frá
veginum og tefði ekki umferð um hann og það myndi snúa þannig
að það klýfur norðaustan áttina sem getur verið vindasöm í Flatey.
Óskað er eftir leyfi fyrir ofangreindri staðsetningu til tveggja ára á
meðan framkvæmdir standa yfir á hafnarsvæðinu. Að þeim tíma
loknum gæti verið komnir heppilegri möguleikar fyrir staðsetningu
skiltisins.

Þó að þessi staður sem sótt er um hafi ekki verið meðal þeirra sem
bent var á í afgreiðslu fundar 06.apríl, 2010 fellst nefndin á að
veita tímabundið leyfi til tveggja ára
Nefndin leggur til að framtíðarstaður upplýsingarskilta í Flatey verði
þar sem snyrtihús og gámur Orkubús Vestfjarða standa tímabundið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.: 13.ºº

Sveinn Ragnarsson	(sign)
Egill Sigurgeirsson	(sign)
Vilberg Þráinsson	(sign)
Guðmundur Ólafsson	(sign)
Bogi Kristinsson Magnusen	(sign)